

Börkur Sigurbjörnsson

Leikhlé

örsaga



Urban Volcano

Leikhlé


Börkur Sigurbjörnsson

Creative Commons (BY-NC-ND) – 2017
<http://creativecommons.org/licenses/by-nc-nd/3.0/>

Myndskreyting: Börkur Sigurbjörnsson
Útgefandi: Urban Volcano

<http://urbanvolcano.net/>

Þessa sögu má afrita með hvaða hætti sem hugnast getur, svo sem með fjölritun, hljóðritun eða upplestri í rigningarúða á Lækjartorgi, svo fremi sem vísað er í höfund, efniú ekki breytt á nokkurn hátt og ekki skapist fjárhagslegur ávinningur af afrituninni.



Leikhlé

Ég raðaði plastmálunum upp eins og spilaborg, skar tvö göt í eitt málið með gatara, hnýtti saman nokkrar gúmmí teygjur, þræddi þær í gegnum götin og kom málinu fyrir á höfðinu eins og kúrekahatti. Ég leit í spegilinn, blikkaði, skaut mína eigin spegilmynd með vísifingri og blés á reykin. Ég var ógurlega svalur.

Ég greip afganginn af teygjunum, steig fimm skref afturábak frá skrifborðinu og hófst handa við að skjóta teygjunum í plastmálin. Ég naut þess í botn að hafa mína eigin skrifstofu

til umráða. Það var svakalega gaman að geta lokað dyrunum og fíflast þegar enginn sá til.

Ég hafði skotið næstum öll plastmálin niður af borðinu þegar leikurinn var truflaður af suði í innanhússímanum.

„Já!“ svaraði ég höstugum rómi sem ég beiti alltaf þegar ég vil ekki láta trufla mig.

„Herra Forsætisráðherra,“ glumdi í innanhússímanum. „Forsetinn er í símanum. Hún segir að hún eigi við þig áriðandi erindi.“

„Er það nú svo?“ andvarpaði ég mæðulega og hugsaði mig um eitt andartak. „Allt í lagi — gefðu henni samband.“

Um höfundinn

Börkur Sigurbjörnsson er sögumaður með næmt auga fyrir sérstökum sögupersónum, fyndnum samtölum og lifandi umhverfislýsingum. Skrif Barkar flokkast að mestu leyti undir raunsæisstefnu og sögurnar hans eru oftast en ekki byggðar á sönnunum atvikum í lífi höfundarins. Þó sögurnar innihaldi fjölmörg sannleikskorn þá eru þau rækilega blönduð skáldskap sem vekur upp forvitni lesandans um það hvar mörkin liggi milli raunveruleika og skáldskapar.

Bækur

Meðal annars, örsagnasafn (2024)

Talaðu við ókunnuga, smásagnasafn (2019)

52 augnablik, örsagnasafn (2017)

999 Erlendis, smásagnasagn (2012)

Aðrir tenglar

Börkur Sigurbjörnsson

Urban Volcano